

4. fundur Leiðtogaráðs LUF

24. janúar 2023, Hitt húsið, Rafstöðvarvegi 7 Reykjavík, kl. 17:30

Fundarstjóri: Viktor Ingi Lorange, oddviti leiðtogaráðs

Fundarritari: Sigurður Helgi Birgisson

Fundur settur kl. 17:25

DAGSKRÁ

1. Kynning nýrra aðildarfélaga

Ungliðadeild Íslandsdeildar Amnesty International

- VIL býður Ask Hrafn Hannesson, formann ungliðahreyfingarinnar upp í pontu til að kynna félagið stuttlega og taka við aðildarviðurkenningu.

2. Drög að dagskrá 4. fundar Leiðtogaráðs

Til umræðu og samþykktar

- VIL býður fólk velkomið á þennan 4. fund ráðsins á þessu starfsári.
- VIL kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF.
- VIL gefur færi á athugasemdum við dagskrá og tekur fram að alltaf verður hægt að óska eftir að bæta við hana undir önnur mál, ef tími gefst.
- VIL leggur dagskrá til samþykktar. Samþykkt.

3. Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi

Til umræðu og samþykktar

- VIL kynnir kosningafyrirkomulag ungmennafulltrúa:
- **Eftirfarandi er kosningafyrirkomulag í samræmi við reglur um alþjóðaráð LUF:** Kosið verður leynilega þar til einn frambjóðandi hefur hlotið í það minnsta 50% atkvæða. Hljóti enginn 50% atkvæða í fyrstu umferð er kosið aftur á milli þeirra sem flest og næstflest atkvæði hlutu í fyrstu umferð. Verði jafntefli á milli frambjóðenda verður kosið á milli þeirra. Sá sem flest atkvæði hlýtur er þá réttkjörinn ungmennafulltrúi og sá sem næst flest atkvæði hlýtur verður varafulltrúi.

4. Kosning kjörbréfanefndar

Kosning

- VIL tilkynnir að stjórn leggi til að Sigurður Helgi Birgisson lögmaður LUF og Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF sitji í kjörbréfanefnd ásamt einum óháðum fulltrúa úr leiðtogaráði frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.
- VIL óskar eftir sjálfboðaliða.
- Aníta Sólveig Scheving, fulltrúi Ungheill, býður sig fram.
- Samþykkt.

5. Framboð til Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum á sviði mennta, vísinda og menningar:

Leynileg kosning

- VIL tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum á sviði mennta, vísinda og menningar sé runninn út.
- VIL upplýsir ráðið um að fulltrúinn komi meðal annars til með að sækja aðalráðstefnu UNESCO og fer nánar yfir hlutverk ungmennafulltrúans sem fyrrverandi ungmennafulltrúi á þessu sviði.
- VIL tilkynnir að sjö frambjóðendur gefi kost á sér og að þeir fái að hámarki 2 mínútur til að kynna sig í pontu og verða þeir kallaðir upp eftir stafrófsröð sinna félaga:
 1. Snævar Ingi Sveinsson, fulltrúi SÍF
 2. Theodóra Listalín Þrastardóttir, fulltrúi SÍNE
 3. Isabel Alejandra Diaz, fulltrúi SHÍ
 4. Sunna Dögg Ágústsdóttir, fulltrúi Ungmennaráðs Þroskahjálpar
 5. Benedikt Bjarnason, fulltrúi UngNorræn
 6. Inga Huld Ármann, fulltrúi UU
 7. Úlfur Atli Stefánúson, fulltrúi Uppreisnar
- Niðurstaða 1. umferðar
 - Benedikt Bjarnason, fulltrúi UngNorræn og Isabel Alejandra Díaz, fulltrúi SHÍ hlutu flest atkvæði og verður því kosið á milli þeirra í annarri umferð.
- 2. umferð kosninga
- TI tilkynnir niðurstöðu annarrar umferðar.
 - Isabel Alejandra Díaz, fulltrúi SHÍ, hlaut kjör ungmennafulltrúa hjá SP á sviði mennta, vísinda og menningar.
 - Benedikt Bjarnason, fulltrúi UngNorræn, starfar sem varafulltrúi.

7. Tillaga að kjörstjórn fyrir Sambandsþing

Til umræðu og samþykktar

- VIL kynnir tillögu stjórnar að kjörstjórn fyrir sambandsþing sem hefur það hlutverk að tryggja að framboð berist í öll stjórnarsæti: SHB, TI og einn úr leiðtogaráði.
 - VIL leggur tillöguna til samþykktar fyrir leiðtogaráð.
 - Sunna Dögg Ágústsdóttir frá Ungmennaráði Þroskahjálpar var kjörin frá leiðtogaráði.

8. Undirbúningur Sambandsþings 2023

5.1. Tillaga að dagsetningu, 25. febrúar 2023

Til umræðu og samþykktar

- VIL leggur dagsetningu þingsins fyrir fundinn til samþykktar en dagsetningin er í samræmi við samþykktir félagsins.
- VIL tekur þó fram að fundurinn verði boðaður með fyrirvara um mögulega breytta tímasetningu, vegna mögulegs samhliða viðburðar í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið.
- Þá munum við einn kjósa nýjan ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda á þinginu.

5.2. Kynning á fyrirkomulagi kosningar á Sambandsþingi

Til umræðu

- VIL fer yfir lagabreytingar sem samþykktar voru á Sambandsþingi 2022 og að það kalli á nýtt kosningafyrirkomulag þar sem atkvæði á Sambandsþingi verða vigtuð miðað við stærð aðildarfélaga. Til þess þá munu aðildarfélög með fulla aðild þurfa að senda LUF vottaðar upplýsingar um fjölda aðildarfélaga félagsins. S.s. einungis þarf að senda tölu fjölda aðildarmanna eða tölu fjölda aðildarfélaga aðildarfélagsins. Upplýsingarnar þurfa að berast vottaðar af stjórn hvers félags ekki seinna en 7 dögum fyrir sambandsþing.
- VIL gefur fulltrúum færi á spurningum.

5.3. Kynning á fyrirhuguðum lagabreytingartillögum á Sambandsþingi

Til umræðu

- VIL reifar fyrirhugaðar lagabreytingartillögur stjórnar fyrir Sambandsþing 2023.
- VIL gefur fulltrúum færi á spurningum.

5.4. Tillaga að hækkun félagsgjalda

- VIL kynnir tillögu að hækkun aðildargjalda og gefur færi á spurningum og umræðum.
- Miðað við þau gögn sem við fundum þá hafa félagsgjöld ekki verið hækkuð frá því amk 2010. Sé það reiknað á núvirdi dagsins í dag þá stæði sú tala í 7.911kr.
- Stjórn telur eðlilegt að opna á umræðu um félagsgjöld og hvort aðildarfélögin sé hlynnt því að hækka gjaldið og hver upphæðin ætti að vera. Hvort halda eigi óbreyttu, hækka upp í 6.500 kr. eða jafn vel að hækka enn frekar.

- Spurt út í samræmi félagsgjalda og atkvæðavægis. VIL svarar: Höfum haft sama gjald á alla (flöt félagsgjöld). Fyrirkomulag DUF í Danmörku, sem er með vigtað atkvæðahlutfall á sambandsþingum, eftir stærð félaga, er t.a.m. með með stighækkandi félagsgjald í takt við stærð félaga/atkvæðavægi. LUF hefur þó ekki farið þá leið.

9. Yfirferð yfir fullnaðarsigur LUF í RSK máli

Til upplýsinga

- VIL kynnir upp í pontu SHB, lögmann LUF sem kynnir fyrir fundarmönnum baráttu LUF.
- SHB kynnir 6 ára baráttu félagsins fyrir opinberri skráningu á nafni sínu. Fullnaðarsigur fékkst að lokum þar sem viðskipta- og menningarráðuneytið úrskurðaði LUF í vil og gerði Fyrirtækjaskrá að skrá rétt heiti félagsins í samræmi við tilkynningu þess efnis frá árinu 2017.

10. Kynning á Leiðtogaskóla Íslands 2022

- VIL kynnir GF upp í pontu til að fara yfir leiðtogaskóla Íslands 2022, sem ekki náðist að fara yfir á 3. leiðtogaráðsfundi.
- GF kynnir skólann stuttlega og spilar kynningarmyndband.

10. Önnur mál

- VIL gefur fulltrúm færi á bera upp önnur mál á dagskrá.
- Sunna Dögg, fulltrúi Þroskahjálpar, biðlar til leiðtogaráðs að íhuga skýrt og greinilegt mál svo aðrir skilji. Það er á okkar ábyrgð að vera skilin og óaðgengileg orðanotkun getur verið útilokandi.
- Fulltrúi SUF spyr hvort boðið verði upp á kokteil í kringum sambandsþing og vekur athygli á að gott væri að vera með viðburð fyrir fulltrúa aðildarfélaganna til að kynnast og tengjast.
- VIL slítur fundi kl. 18:30.

Að fundi loknum býður VIL Guðmund Ara frá Rannís að kynna styrktarsjóði fyrir ungmennafélög á vegum Rannís.